

Ed.

17. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á lögum nr. 39 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

1. málsgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal greiða ár hvert $2\frac{1}{2}\%$ í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á Alþingi 1968, en náði þá eigi fram að ganga.

Með lögum frá 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, var gæzluvistarsjóði ákveðið árlegt framlag, $7\frac{1}{2}$ millj. kr. af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins af áfengissölu. Þegar þessi ákvæði voru lögleidd, nam framlagið um það bil 2.3% af gjaldstofninum. Sjóðurinn fær enn $7\frac{1}{2}$ millj. kr. á ári, þótt tekjur Áfengisverzlunarinnar hafi hækkað úr 320 millj. kr. í 730 millj. kr. á síðasta ári. Framlag til sjóðsins 1969 var aðeins tæpt 1% af tekjum Áfengisverzlunarinnar það ár fyrir selt áfengi. Þá hefðu 2.3% , sem Áfengisverzlunin lagði fram 1964, gert 16.8 millj. kr. til gæzluvistarsjóðs.

Efni frumvarps þessa er að breyta ákvæðum laganna í það horf, að framlag til gæzluvistarsjóðs verði eftirleiðis ákveðinn hundraðshluti af tekjum Áfengisverzlunarinnar. Miðað við áfengissölu á s. l. ári mundu hafa runnið til sjóðsins um 18.2 millj. kr., ef ákvæði þessa frumvarps hefðu þá gilt.

Augljóst er, að vaxandi verðbólga gerir gæzluvistarsjóði ókleift að valda þeim verkefnum, sem honum eru fengin, ef ekkert verður gert til að afla honum aukinna tekna. Nú er svo komið, að langmestur hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins gengur til að standa straum af rekstri drykkjumannaheimilisins að Akurhóli á Rangárvöllum.

Afleiðingin er sú, að ekkert fjármagn er aflögu til að sinna þeim höfuðviðfangsefnum, sem sjóðnum voru ætluð í upphafi, svo sem þeim að reisa sjúkrahús og sjúkradeildir fyrir drykkjusjúklinga, sbr. 4. gr. laganna, og bera þann aukakostnað, sem af starfsemi þeirra leiðir, sbr. 9. gr.

Ekki þarf löngu máli að eyða til rökstuðnings þess, hversu mikilvægt það er, að þeir sjúklingar, sem hér um ræðir, geti fengið beztu aðhlynningu, sem völ er á, og eru þjóðfélagsverðmætin ómæld, sem hér eru í húfi, auk þess sem þau mannlegu báginði, sem hugsanlega er unnt að afstýra, verða ekki í tölum talin.

Nýlega hefur borgarstjórn Reykjavíkur sent Alþingi bréf (dagbók 70 nr. 49), þar sem greint er frá ályktun, er þar var gerð hinn 17. f. m., þar sem samþykkt var að beina þeirri eindregnu áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar, að framlag til gæzluvistarsjóðs verði tvöfaldað á næsta ári, þannig að unnt verði þegar að hefja undirbúning að stofnun lokaðs hælís fyrir áfengissjúklinga. Jafnframt er í bréfinu frá því skýrt, að tillagan hafi verið samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum.

Það er vel, að almennur áhugi virðist vaknaður til úrbóta á umræddu þjóðfélagsmeini, sem áreiðanlega er víðar fyrir hendi en í Reykjavík.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að Alþingi eigi að sýna hug sinn til málsins með því að auka tekjur gæzluvistarsjóðs, svo sem hér er lagt til, og skapa á þann hátt skilyrði til raunhæfra aðgerða.

Það er skoðun flutningsmanna, að réttara sé og meira til frambúðar að ákveða framlag til sjóðsins hundraðshluta af tekjustofninum fremur en ákveðna fjárhæð, sem hætt er við að rýrni í verði, eftir því sem árin líða, svo sem reynsla hefur verið á undanförunum verðbólguárum.

Því er enn lagt til, að framlagið verði ákveðið $2\frac{1}{2}\%$ þrátt fyrir þá samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur, sem áður var um getið.